



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflakks Íslands mánudaginn 12. október 2020 kl. 20:00.  
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Dávur í Dali, Laufey Línal Ólafsdóttir, Védís Guðjónsdóttir, Ásgerður Ágústa Jóhannsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

### 2. Umræða um aðalfund

Rætt var um hvenær rétt væri að halda aðalfund og svo framhaldsaðalfund og hvað skuli vera á dagskrá.

### 3. Framhald á sósíalískum september

Talað var um að nota mætti fleiri myllumerki og halda áfram á svipuðum nótum.

### 4. Starf baráttuhópa og annara deilda flokksins

Rætt var um virknina innan hópa. Nokkuð hefur borið á sósíalískum femínistum. Einnig var rætt um það hvernig best sé að ná sambandi við framhaldsskólanema.

## 5. Staða flokksins í umræðunni

Samstaða var um að við þurfum að beina athyglinni að fleiru en hún hefur verið á í samfélaginu undanfarið. Ennfremur að máli skipti að skilaboðin séu skýr.

## 6. Skýrsla húsfélags

Verið er að leggja lokahönd á teikningarnar. Flokkurinn og Maístjarnan samþykkja í samræmi við kostnaðaráætlun að leggja allt að 800.000 kr. til húsnæðisnefndar vegna framkvæmda í Bolholti 6.

## 7. Fjármál, staða reikninga

Verður tekið fyrir á næsta fundi.

## 8. Önnur mál

Engin önnur mál.